

**95. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
5. nóvember 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1809203 - Míla - Ljósleiðari á Akranesi

Jón R. Kristjánsson framkvæmdarstjóri Mílu ehf. situr fundinn undir þessum lið.

Fyrir liggur vilji Mílu um að samnýta ljósleiðarkerfi Gagnaveitu Reykjavíkur á Akranesi. Skipulags-og umhverfisráð óskar eftir umsögn Gagnaveitu Reykjavíkur um þá beiðni.

Hagsmunir Akraneskaupstaðar felast m.a. í því að ekki verði farið í óparfa jarðrask vegna ljósleiðaravæðingar á Akranesi.

2. 1810174 - Garðabraut 2a - Fyrirspurn um íbúðir í stað skrifstofa

Fyrirspurn um möguleika á breytingu á skrifstofum í íbúðir.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.

3. 1810230 - Jaðarsbraut 31 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings vegna sölu íbúðar.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrilliggjandi beiðni.

4. 1806197 - Akurgerði 21 - umsókn um byggingarleyfi

Breytingin felst í að rífa núverandi verönd sem byggð er ofan á bílskúr aðliggjandi lóðar og endurbyggja verönd á þeim bílskúr sem tilheyrir umsækjanda.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Akurgerði 19 og 23, Sunnubraut 4 og 5, Suðurgötu 83, 85 og 87, ásamt Kirkjubraut 12.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 25. sept. til og með 23. október 2018. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Ragnar Sæmundsson
þortu fyr. Jóhannsdóttir*

6. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2023

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022.

Skipulags- og umhverfisráð vísar málínu til bæjarráðs.

7. 1411116 - Skipulag - Dalbraut-þjóðbraut

Lagfæring á skipulagi.

Skipulags -og umhverfisráð samþykkir óverulegt frávik á skipulagsgönum um lóð 4 við Dalbraut. Frávikið felst í því að nýtingarhlutfall lóðar verði 2.28 í stað 2.22. Breytingin rúmast innan óbreytts byggingarreits og hefur ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að ofangreind lagfæring á skipulagsgönum verði gerð í samræmi við 43.grein, 3.mgr, skipulagslaga nr.123/2010.

8. 1612005 - Rafhleðslustöð fyrir Akraneskaupstað

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að setja upp rafhleðslustöð við frístundamiðstöð við Garðavöll.

Byggingarfulltrúi kynnir málið.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir breytta tillögu byggingarfulltrúa og ganga frá uppsetningu rafhleðslustöðvar við frístundarhús.

5. 1811021 - Aðalsk.Akraness breyting-miðsvæði Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt

Aðalskipulagsbreyting á miðsvæði M2, Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt.

Lögð fram skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Breytingin tekur til miðsvæðis M2, Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt og felst í breyttum skipulagsákvæðum um bílastæðamál. Engin breyting er gerð á skipulagsuppdrætti.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Ragnar Þorvaldsson

Gestur Jón. Jóhannsdóttir

Ólafur Ólafsson

Síndri Birgisson

Sonja Þóra Þórssen

SÍS-P.

Stefan Þ. Stein